

Aðalfundur Heimilis og skóla 2015

Fundargerð

Haldinn í fundarsal SAMFOK að Háaleitisbraut 13, miðvikudaginn 22. apríl.

Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður Heimilis og skóla, setur fundinn kl. 17.08

Ragnar F. Valsson er kjörinn fundarstjóri og Björn Rúnar Egilsson ritari.

Anna Margrét fer því næst yfir helstu verkefni samtakanna. Helstu áhersluþættir í starfi síðasta árs kynntir: læsisverkefni, hópavinna um styttingu framhaldsskólanáms, kennaraverkföllin settu strik í reikninginn, 6. bekkjarfræðsla í Reykjavík og í Árborg, Foreldradagurinn, Foreldraverðlaun og tveir fulltrúaráðsfundir. Tvö tímarit voru gefin út á árinu, samstarf við Ævar vísindamann um lestrarátak, nýju lífi blásið í NOKO samstarfið, erlent samstarf í tengslum við SAFT, farið er yfir SAFT hluta í starfsemi Heimilis og skóla sem er umtalsverður. Erum nokkuð örugg með verkefnið til ársins 2016.

Anna Margrét Sigurðardóttir, formaður og Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri, fóru yfir ársreikning samtakanna. Hagnaður ársins 2014 er minni en 2013 og tengist það meiri launakostnaði, útgáfu tímarita og aukningu í verkefnum. Þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið þarf að endurnýja á næsta ári. Húsaleigan er mjög lág og kemur það samtökunum afar vel. Reynt er að fara eins vel með fé og hægt er í starfseminni allri. Ársreikningurinn er samþykktur af fundargestum en hann er hægt að nálgast ásamt ársskýrslu á [heimasíðu samtakanna](#).

Næst er gengið til kosninga í stjórn Heimilis og skóla en tvö sæti eru laus.

Kristjana Þórey Guðmundsdóttir og **Bryndís Jónsdóttir** bjóða sig fram. Engin mótframboð berast og því eru þær sjálfkjörnar. **Heimir Eggerz**, fulltrúi SAMTAK á Akureyri, var kjörinn á fundi fulltrúaráðs Heimilis og skóla fyrr um daginn og Inga Dóra Ragnarsdóttir, fulltrúi Árborgar, var kosin til vara. Nýjum stjórnarmeðlimum er óskað til hamingju með lófataki.

Næst er gengið til kosningu skoðunarmanna. Hlíf Böðvarsdóttir og Hilmar Ingimundarson eru kosin og Eðvarð Ingólfsson og Sverrir Jónsson til vara. Kosning þeirra er samþykkt með lófataki.

Önnur mál: Óskar Kristjánsson, fulltrúi FGMOS (svæðasamtök foreldra í Mosfellsbæ), kveður sér hljóðs og lýsir reynslu sinni af erfiðleikum í foreldrastarfi í Mosfellsbæ og deilum við bæjarstjórnina þar sem samskipti hafa verið erfið og ásakanir á báða bóga um óheilindi og ólýðræðisleg vinnubrögð. Fólkið sem tók þátt í starfinu hefur að hans sögn brunnið upp og misst móðinn og erfitt er að fá það til að halda áfram að taka þátt í foreldrasamstarfi. Óskar skorar á stjórnina að skoða hvað sé hægt að gera í erfiðum tilfellum sem þessum og athuga hvort ekki sé hægt að finna einhverja aðila sem stíga inn í slík mál. Í kjölfarið skapast umræður um hvað sé hægt að gera í slíkum málum og virkja foreldra. Bryndís Jónsdóttir í SAMFOK telur það afar alvarlegt mál ef raddir foreldra fá ekki að heyrast og það sé mál sem stjórnin muni beita sér fyrir. Hún segir einnig að víða sé pottur brotinn í því að framfylgja lögnum og tryggja foreldrum og nemendum aðkomu að ákvarðanatöku. Lögin eru skýr og vel nýtanleg. Bryndís er samt ekki viss um að gott sé að einhver einn aðili hafi það hlutverk að fylgjast með þessu vegna þess að aðstæður og mál eru ólík. Mikilvægast sé að fræða foreldrasamfélagið um

lögin, skyldur og ábyrgð. Ekki er hægt að taka það til baka sem gekk á, mikilvægast er að græða sárin og halda áfram. Anna Margrét, formaður Heimilis og skóla, ræddi einnig hvernig Heimili og skóli komu að umræddu máli í Mosfellsbæ eftir að FGMOS leitaði til samtakanna og hvernig samtökin stuðluðu að því að fulltrúi svæðasamtaka foreldra í Mosfellsbæ (FGMOS) fékk loks sæti í skólanefnd ásamt sitjandi fulltrúa úr Varmárskóla. Fundin var því lausn sem vonandi leiðir til þess að svæðasamtökin hafi þar beina aðkomu áfram. Hún fór einnig í aðrar hliðar á þessu tiltekna máli. Óskar spyr hvort ekki sé hægt að tryggja það að fjármagn sé til staðar fyrir svona fræðslu. Þröstur Jónasson, stjórnarmaður í Heimili og skóla, telur að það væri gott að hafa samband við Samband íslenskra sveitarfélaga og velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að finna flöt á þessu máli og passa það að þekkingin sé til staðar um allt land. Bryndís tekur undir það og finnst það vera hlutverk sveitarfélaganna að fræða foreldra og telur að það sé vert að vinna að því að sveitarfélögin viðurkenni fræðsluskyldu sína hvað þessi mál varðar. Óskar endurtekur þá skoðun sína að það þurfi að passa upp á það að svona deilur hafi ekki þau áhrif að foreldrar gefist upp og að eldhugarnir í foreldrastarfinu missi áhugann. Hann telur mikilvægt að það sé tryggt að lögin séu ekki brotin. Hann bendir á mikilvægi þess að hafa aðila eins og félags- og tómsundafulltrúa í skólum sem geta tekist á við erfið eineltismál og gert mikið til að laga ástandið. Hann nefnir þó að félags- og tómsundafræðingar hafi fundið fyrir fordómum frá kennaraséttinni. Fundargestur úr foreldrafélagi Hamraskóla tekur dæmi úr Grafarvogi þar sem sameining skóla var framkvæmd þrátt fyrir kröftugar mótbáru m.a. foreldra en að deilur hafi lægt. Foldaskóli hafi verið gerður safnskóli fyrir unglingadeildir Folda-, Húsa- og Hamraskóla. Síðar hafi komið í ljós að sameiningin gekk vel eftir allt saman. Nýtt fólk kemur í stað þeirra sem hætta.

Hrefna Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri minnir á að enn er hægt að senda inn tilnefningar til Foreldraverðlaunanna 2014.

Gísli Hildibrandur Guðlaugsson tekur til máls og þakkar kærlega fyrir samstarfið í stjórn Heimilis og skóla en hann kveður nú eftir þriggja ára stjórnarsetu. Honum eru þökkuð störf sín í þágu samtakanna.

Fyrirspurn úr sal: Í tilteknu foreldrafélagi misfórst að kjósa skoðunarmenn ársreiknings og formaður veltir fyrir sér hvað eigi að gera í þeirri stöðu. Er hægt að tilnefna einhvern til að samþykkja ársreikninginn á þeim fundi sem hann verður lagður fyrir? Ekki er uppi grunur um misferli en ekki hefur verið farið vandlega yfir fjármálin. Fundarmenn hvetja til þess að ekki sé verið að hræra í gömlum málum. Bókhald fyrri ára er á ábyrgð fyrri gjaldkera og stjórnar. Einnig er hægt að fara með ársreikninginn til utanaðkomandi endurskoðanda. Bryndís bendir á að SAMFOK aðstoði foreldrafélög sem eigi í einhverjum vandræðum.

Ragnar F. Valsson segir fundi slitið kl. 18.25.